

Colas Ísland hf.
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

15. desember 2025
UOS2501706/K.K.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 8. Október 2025 – ID 216

Þann 8. Október 2025 fór fram reglubundið eftirlit í Colas Ísland hf. Bikstöð Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár eldra ábendingar voru opnar þegar eftirlitið fór fram:

1. Uppfæra þarf áætlanir, umhverfisáætlun og verklagsreglur. Að eftirlitinu loknu sendi rekstraraðili inn viðbragðsáætlun vegna efnaleka og bráðamengunar hafs og stranda. Ábendingu lokað.
2. Merkja þarf alla geyma í samræmi við reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og senda staðfestingu til UOS. Búið er að ljúka við að merkja alla geyma og ábendingu því lokað.
3. Bent er á að skv. 30. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá landi skal vera sjálfvirkur viðvörunarbúnaður í olíuskilju. Upplýsingar varðandi það voru ekki til staðar við eftirlit og sendir rekstraraðili þær upplýsingar til eftirlitsaðila um leið og þær liggja fyrir. Upplýsingar um viðvörunarbúnað hafa ekki borist stofnuninni.

Þrjár ábending voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðila var bent á að skrá sérstaklega magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar fyrir hverja og eina starfsstöð.
2. Bent er á að í skýrslu fyrir þrýstiprófanir sem framkvæmdar voru í maí 2025 kemur ekki fram þrýstingur í lok prófunar. Því er ekki hægt að sjá hvort og eða hve mikið þrýstingsfall var í lögninni við prófun.
3. Botnþykktarmælingar voru gerðar 2023. Þessar voru sendar stofnuninni að eftirlitinu loknu. Ósamræmi er í skýrslunum fyrir hvaða tanka þær gilda og það vantar niðurstöður mælinganna í skýrslurnar.

Sjö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Virkni olíuskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti. Virkni skiljunnar hefur ekki verið yfirfarin síðan 2020.
2. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar í rekstrarhandbók. Rekstraraðili heldur ekki skrá um viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, þar með taldar þrær, olíuskiljur og yfirferð á virkni olíuskilja.
3. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast en vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar. Engar mælingar hafa farið fram hingað til. Rekstraraðili framkvæmdi mælingu að eftirlitinu loknu og sendi inn niðurstöðurnar sem uppfylla kröfur í starfsleyfi.
4. Gr. 4.2 í Starfsleyfi. Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfisstofnunar 1. maí árið eftir. Niðurstöðum mælinga hefur ekki verið skilað fyrir 2024.
5. Gr. 4.2 í Starfsleyfi. Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfisstofnunar 1. maí árið eftir. Niðurstöðum mælinga hefur ekki verið skilað fyrir 2023.
6. Gr. 4.2 í Starfsleyfi. Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfisstofnunar 1. maí árið eftir. Niðurstöðum mælinga hefur ekki verið skilað fyrir 2022

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. Janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer

Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir

Sérfræðingur